



## Fundargerð

434. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
þriðjudaginn 12. feb. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Karl Kristjánsson (KK), Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir (ÁÝS) í forföllum Jóhönnu Aspar Einarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að eftirtaldir liðir yrðu teknir á dagskrá undir önnur mál. a) Styrkbeiðni frá Sögufélagi Barðastrandarsýslu. b) Kjarasamningsumboð. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

### Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. **433. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps 22. jan. 2018:**  
Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir, samþykkt og undirrituð.

2. **Skipulags-, húsnaðis - og hafnarnefnd 11. feb. 2019:**

Lögð fram og eftirfarandi liðir teknir fyrir.

Liður 1: Sveitarstjórn samþykkir liðinn.

Liður 2: Flatey vernd í byggð: Nefndin leggur svohljóðandi tillögu fram við sveitarstjórn.

„Með vísan í 5. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð, samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps að senda mennta- og menningarmálaráðherra tillögu um að Þorpið í Flatey á Breiðarfirði verði gert að verndarsvæði samkvæmt lögunum, að gerðum þeim lagfæringum sem lýst hefur verið. Tillögunni, sem er dagsett 12. febrúar 2019, fylgir greinargerð þar sem fjallað er um varðveislugildi byggðarinnar og settir fram verndarskilmálar fyrir svæðið.“

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

Liður 3: Sveitarstjórn staðfestir tillögu nefndarinnar um að KK og II til vara verði fulltrúar sveitarstjórnar í samstarfshópi um endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar.

Liður 4: Sveitarstjórn staðfestir liðinn og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum við nágrannasveitarfélögin enda verði gengið frá samkomulagi um akstur vegna ferða fyrir umrædda starfsmenn.

Liður 5: Fundur með nágrönnum og íbúðalánasjóði. Hugmyndir um stofnun sjálfseignarfélags leiguíbúða með aðild Dala- og Strandarbyggðar, Reykhóla- og Kaldrananeshrepps. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

**3. Mennta- og menningarmálanefnd 6. feb. 2019:**

ÁHH fór yfir fundargerðina og hún samþykkt.

**4. Velferðarnefnd Stranda- og Reykhólahrepps 7. feb. 2019:**

Lögð fram og samþykkt.

**Mál til afgreiðslu.**

5. **Byggðasamlag um brunavarnir:** Sveitarstjóri kynnti drög að tillögu um Stofnsamningi Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda BS. Sveitarstjóra er heimilað að ganga frá samningi á grunnvelli draganna.
6. **Framkvæmdaráð umhverfisvottunnar Vestfjarða:** Samþykkt að Embla Dögg B. Jóhannsdóttir verði fulltrúi Reykhólahrepps í Framkvæmdaráði Umhverfisvottunar Vestfjarða og Tryggvi Harðarson til vara.
7. **Endurgreiðsla framlaga v/ lífeyrismála:** Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.
8. **Endurskoðun aðalskipulags - Vestfjarðavegur:** Þar sem endanleg tillaga er ekki tilbúin er ákveðið að boða til auka sveitarstjórnarfundar að viku liðinni þann 19. feb.n.k. til að afgreiða málið.

**Mál til kynningar:**

9. **Reglugerð um húsnæðisáætlanir:**  
Lögð fram.

**Önnur mál:**

10. **Styrkbeiðni frá Sögufélagi Barðastrandarsýslu:** Lögð fram beiðni fyrir um styrk að upphæð 50.000 kr. frá Sögufélagi Barðastrandarsýslu vegna útgáfu árbókar 2018. Samþykkt samhljóða.

11. **Kjarasamningsumboð:** Sveitarstjórn samþykkir að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar fyrir sína hönd og sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:34.

---

---

---

---

---

---